

Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)  
2017

Reykjavík, 17. mars

## Umsögn Starfsmannafélags ÁTVR

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verslun með áfengi og tóbak, lögum um aukatekjur ríkissjóðs, áfengislögum og lögum um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum (smásala áfengis). – 106. mál 146. löggjafarþings.

Starfsmannafélag ÁTVR hefur fjallað um fyrirbyggjandi frumvarp um afnám einkaréttar ÁTVR til smásölu áfengis og leggst eindregið gegn því að það verði að lögum. Starfsmenn eru langþreyttir á umræðu um afnám einkaréttarins, sem ítrekað hefur skapað óöryggi og valdið streitu. Ljóst er að stórum hluta u.þ.b. 450 starfsmanna<sup>1</sup> ÁTVR verður sagt upp störfum verði frumvarpið samþykkt – enda væri áfengissala ríkisins þar með úr sögunni. Það sem starfsfólki gremst þó einna helst eru eilífar rangfærslur í umræðunni og vanþekking og virðingarleysi gagnvart því mikilvæga starfi sem það vinnur í þágu lýðheilsu í landinu.

Starfsmenn telja tímabært að þingmenn taki málið af dagskrá sinni, enda er ljóst að það er í algjörri andstöðu við niðurstöður allra rannsókna helstu sérfræðinga um skaðleg áhrif áfengisneyslu, sem mæla staðfastlega með ríkiseinkasölu áfengis. Auk þess hafa niðurstöður skoðanakannana ítrekað sýnt að mikill meirihluti þjóðarinnar er fylgjandi núverandi fyrirkomulagi smásölu áfengis. Andstaða almennings við frumvarpið virðist aukast jafnt og þétt sem rímar við upplifun starfsmanna Vínbúðanna, sem hafa fundið fyrir mikilli velvild viðskiptavina sem er mörgum hverjum heitt í hamsi vegna tillagna um afnám einkasölnunnar. Niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar, þar sem ÁTVR hefur verið í fararbroddi undanfarin ár, staðfesta enn ánægju viðskiptavina með þjónustuna.

Starfsmenn ÁTVR taka hlutverk sitt alvarlega og leggja sig fram um að sýna samfélagslega ábyrgð á sama tíma og áhersla er lögð á vandaða þjónustu við viðskiptavini. Einkunnarorð starfsmanna ÁTVR eru *ábyrgð, lipurð, þekking*. Það er leiðarljósið í öllu okkar starfi að áfengissölu fylgi ábyrgð, enda er áfengi ekki eins og hver önnur neysluvara. Frumvarpið gerir hins vegar ekki kröfu um að nýir smásöluaðilar taki við þessu samfélagslega hlutverki, samt virðast frumvarpshöfundar gefa sér að áfengisvandamál muni aukast verði það að lögum! Við því á einungis að bregðast með tímabundnu átaki í forvörnum, sem að okkar mati er ófullnægjandi.

<sup>1</sup> Fastráðnir og tímavinnufólk. Ársverk eru u.þ.b. 290. Ítrekað hafa komið fram rangar fullyrðingar um fjölda starfsfólks ÁTVR sem mikilvægt er að leiðrétta.



Starfsmannafélagið vill undirstrika eftirfarandi:

- Starfsemi ÁTVR er ekki söludrifin, en hefur þrátt fyrir það skilað umtalsverðum arði í ríkissjóð ólíkt því sem stundum er haldið fram í umræðunni.
- Enginn yngri en tvítugur afgreiðir áfengi hjá ÁTVR. Mikil áhersla er lögð á skilríkjaeftirlit og markvisst fylgst með árangrinum, m.a. með hulduheimsóknum og öðrum mælingum.
- Starfsfólk ÁTVR gengur úr skugga um að allt áfengi sem tekið er til sölu uppfylli skilyrði matvælaöggjafarinnar. Þetta felur m.a. í sér að tryggja að merkingar áfengisins, þ.m.t. um ofnæmis- og ópólsvalda, séu fullnægjandi og innihald í samræmi við lög og reglur. Einnig er gengið úr skugga um að styrkleiki alkóhóls sé í samræmi við merkingar.
- Eftirlit er með því að áfengisumbúðir höfði ekki sérstaklega til barna og ungmenna, en slík markaðssetning hefur færst í aukana.
- Allar vörur eiga jafna möguleika að komast í sölu hjá ÁTVR að því gefnu að þær uppfylli skilyrði laga og reglna. Vöruúrval er afar fjölbreytt.
- ÁTVR tryggir að allir landsmenn hafi aðgang að sömu vörum á sama verði. Viðskiptavinir geta pantað allar vörur í vöruvali ÁTVR og fengið afhentar í sína Vínbúð, hvar sem hún er á landinu. Þessi þjónusta er viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

Starfsfólk býr yfir umfangsmikilli þekkingu á þeim vörum sem það selur. Vínfræði er skyldunámskeið sem öllu fastráðnu starfsfóki er gert að sækja á fyrstu sex mánuðum í starfi og tímavinnufólki á fyrstu tólf mánuðum ráðningar. Nýliðanámskeið eru haldin tvisvar á ári og metnaðarfull fræðsla í boði fyrir starfsfólk sem vill dýpka þekkingu sína. Vínráðgjafar, sem lokið hafa virtu alþjóðlegu prófi, eru viðskiptavinum innan handar. Hvort tveggja í verslunum ÁTVR og á vefnum vinbudin.is, þar sem er að finna mikinn fróðleik og upplýsingar um þær vörur sem eru á boðstólum hjá ÁTVR.



Að lokum vill Starfsmannafélagið undirstrika að það er ekki þannig, eins og oft mætti ætla af umræðuninni, að Íslendingar búi einir við fyrirkomulag ríkiseinkasölu með áfengi. Norðurlandabjóðirnar, að undanskilinni Danmörku, hafa með góðum árangri valið sér sambærilegt fyrirkomulag - og eins tiltekin ríki Kanada og Bandaríkjanna svo dæmi séu nefnd. Ástæðan er einföld. Vísindalegar rannsóknir benda allar til þess að einkasala ríkisins sé skilvirkasta leiðin til þess að takmarka skaðleg áhrif áfengisneyslu. Að mati Starfsmannafélags ÁTVR er háalvarlegt mál að ganga gegn eindregnum tilmælum og ráðleggingum innlendra og erlendra fagaðila á sviði lýðheilsu og afnema einkasöluna. Það vekur svo auðvitað sérstaka furðu ef þingið ætlar sér að hunsa vilja mikils meirihluta þjóðarinnar, sem hefur lýst vanþóknun sinni á frumvarpinu. Starfsmannafélagið kallar eftir því að þingmenn sýni þvert á móti dug sinn og álykti að einkaréttur ÁTVR til smásölu áfengis skuli teljast ein af meginstoðum áfengisstefnu þjóðarinnar til frambúðar.

F.h. Starfsmannafélags ÁTVR

Guðfinna Ásta Birgisdóttir  
formaður

Inga Margrét Haraldsdóttir

Júlíus Steinarsson

Pétur Fannberg Víglundsson

Sædís Sigurbjörnsdóttir